



Minnisblað

Viðtakandi Velferðarnefnd Alþingis **Dagsetning** 17. maí 2024
Sendandi Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið **Málsnúmer** FRN24050016

Mál nr. 910, fæðingar- og foreldraorlof og sorgarleyfi (stuðningur við kjarasamninga).

Minnisblað þetta er unnið að beiðni velferðarnefndar Alþingis en nefndin hefur óskað eftir tölulegum upplýsingum í tengslum við mál nr. 910, fæðingar- og foreldraorlof og sorgarleyfi (stuðningur við kjarasamninga). Bent er á að frekari upplýsingar um nýtingu foreldra á rétti sínum innan fæðingarorlofskerfisins koma fram í ársskýrslum Vinnumálastofnunar fyrir árin 2021 og 2022 sem birtar hafa verið á heimasíðu stofnunarinnar.

Í töflu 1 má sjá hlutfall foreldra sem hafa fengið hámarksgreiðslu frá Fæðingarorlofssjóði fæðingarárin 2021-2023. Um bráðabirgðatölur er að ræða fyrir fæðingarárin 2022-2023 þar sem foreldrar hafa 24 mánuði til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs eftir fæðingu eða ættleiðingu barns eða töku barns í varanlegt fóstur.

Tafla 1.

Hlutfall foreldra yfir hámarki		
Fæðingarár	Móðir	Faðir
2021	15%	33%
2022	17%	37%
2023	23%	43%

Í töflu 2 má sjá fjölda mæðra annars vegar og feðra hins vegar sem fengið hafa hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði fæðingarárin 2022 til og með 31. mars 2024 og eiga ónýttan rétt til töku fæðingarorlofs. Verði ákveðið að hækkun á hámarksgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs í 700.000 kr. á mánuði skuli ná til allra þeirra foreldra sem eiga ónýttan rétt til fæðingarorlofs 1. apríl 2024 gætu 43 mæður notið góðs af vegna fæðingarársins 2022 eða 5% heildarfjöldans á móti 798 feðrum sem er 95% af heildarfjöldanum. Vegna fæðingarársins 2023 gætu 65 mæður notið góðs af eða 6% heildarfjöldans á móti 1.043 feðrum sem er 94% af heildarfjöldanum. Fyrstu þrjú fæðingarmánuði ársins 2024 myndu 280 mæður geta notið góðs af breytingunni eða 42,6% heildarfjöldans á móti 378 feðrum sem er 57,4% af heildarfjöldanum.

Tafla 2.

Ónýttur réttur til fæðingarorlofs			
Fæðingarár	Móðir	Faðir	Heild
2022	43	798	841
2023	65	1.043	1.108
2024	280	378	658
Samtals	388	2.219	2.607



Minnisblað

Í töflu 3 má sjá tímalengd fæðingarorlofs hjá mæðrum annars vegar og feðrum hins vegar vegna fæðingarársins 2021. Mjög stór hluti mæðra nýtti þá rétt sinn til fæðingarorlofs og þann rétt sem unnt er að færa á milli foreldra (allt að 6 vikur) á fyrstu 12 mánuðunum frá fæðingu barns eða 88,3%. Hlutfall feðra sem nýtti einhvern hluta réttar síns á sama tímabili var 43%. Taflan sýnir einnig hlutfall feðra sem fullnýttu ekki rétt sinn til fæðingarorlofs. Þannig nýttu 12,87% feðra einhvern hluta réttar síns til fæðingarorlofs á fyrstu 6 mánuðunum eftir fæðingu barns, þar af fullnýttu 34,88% feðra rétt sinn á meðan 65,12% nýttu einungis hluta rétti sínum til fæðingarorlofs.

Tafla 3.

Tímalengd fæðingarorlofs fæðingarárið 2021					
	<6 mán	<9 mán	<12 mán	12-18 mán	18-24 mán
Mæður	14,13%	28,80%	45,38%	8,97%	2,72%
Feður	12,87%	8,68%	21,56%	31,74%	25,15%
Feður sem fullnýttu ekki allan rétt sinn	65,12%	51,72%	34,72%	24,53%	22,62%